

gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

## 12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, II, III og IV í XII. kafla, sbr. reglugerð nr. 116/1994 um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, falla niður.

## 13. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 4. október 1995.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Á 19. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 eru gerðar eftirfarandi breytingar:

A-tollur í tollskrárnúmerum 1904.1001, 1904.1002, 1904.1009, 1904.9001 og 1904.9009 lækkar úr 20% í 7,5%.

## 2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 9. október 1995.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*